



Anna Lilja
Þórisdóttir
annalilja@stundin.is

DEILA

Like 243



stundin.is/FCII

EFNISORÐ

Fjárhættuspil

Ísland

SÁÁ

Spilafíkn á Íslandi

„Spilin taka allt. Allan pening og allan tíma. Öll tækifæri til að gera eitthvað annað. Ég hef barist við aðrar fíknir, en spilafíknin er sú fíkn sem ég hef átt erfiðast með að losna við.“ Þetta segir Georg F. Ísaksson laganemi. Hann barðist við spilafíkn um áratugaskeið en hefur nú ekki spilað í sex ár.

„Ég held að ég hafi verið tíu ára þegar ég fór fyrst í spilakassa, það var í kringum 1980,“ segir Georg. „Það var strax eitthvað þá sem höfðaði mjög sterkt til mín og upp frá því var tónninn gefinn. Þegar ég komst á unglingsár spilaði ég í kössum, stundaði veðmál, spilaði í spilaklúbbum og eiginlega alls staðar þar sem ég gat spilað eða veðjað fyrir peninga. Ég flosnaði ítrekað upp úr framhaldsskólanámi því ég þurfti að eiga fyrir þessu, fór að vinna en launin dugðu ekki til og á endanum var ég farinn að nota allar þær aðferðir sem mér datt í hug til að eiga fyrir þessu. Þær voru ekki allar löglegar.“

Tuttugu ára tekjur og lán til viðbótar

Hann segist ekki vita hversu miklu fé hann hafi eytt í spilakassa og önnur fjárhættuspil í gegnum tíðina, en ljóst sé að það hlaupi á tugum milljóna. Hann sýnir blaðamanni bankayfirlit sitt frá þeim tíma sem hann var í spilakössunum og það sýnir ítrekaðar úttektir á spilastöðunum og úr hraðbönkum í grennd við spilastaðina. „Það er ekki nokkur leið að vita hvað ég hef eytt miklum peningum í peningaspil. Við erum að tala um meira eða minna allar mínar tekjur, með hléum, í 20–25 ár og því til viðbótar tók ég lán. Þannig að þetta hleypur klárlega á tugum milljóna.“

Hvað eyddirðu miklu á dag? „Það var misjafnt. Það fór eftir því hvað ég átti mikinn pening. Einu sinni eyddi ég 300.000 á tveimur tímum, í annað skipti eyddi ég hálfri milljón á einum degi. Kassarnir voru það sem ég eyddi langmestu í.“

„Einu sinni eyddi ég 300.000 á tveimur tímum, í annað skipti eyddi ég hálfri milljón á einum degi“

Vannstu aldrei? „Jú, oft. Til dæmis vann ég nokkrum sinnum nokkur hundruð þúsund í spilakössunum og marga minni vinninga. Einu sinni var ég með 13 rétta í getraunum. Það var árið 2013 og ég vann 3,4 milljónir. Sem voru heilmiklir peningar, en það var farið eftir um tvær vikur.“

Vinningar eins og olía á eld

Georg segir að öfugt við það sem margir haldi, séu vinningar í spilum ekki það sem spilafíkill þurfi á að halda. „Yfirleitt eyðir spilafíkill öllum vinningnum og þolið gagnvart því sem hægt er að eyða eykst bara eftir því sem maður eyðir meiru. Og ef einhver heldur að það að fá stóran vinning fái fólk til að hætta að spila – þá er það mesti misskilningur. Þetta er eins og olía á eld, eftir því sem vinningurinn er hærri, því meiri verður eldsvoðinn.“

„Ef einhver heldur að það að fá stóran vinning fái fólk til að hætta að spila – þá er það mesti misskilningur“

Georg leitaði sér fyrst aðstoðar við fíkninni upp úr 1990. Hann segir að á þeim tíma hafi lítið verið rætt um spilafíkn hér á landi, hann hafi fyrst leitað til SÁÁ en síðar komist í samband við Gamblers Anonymous, GA, sem eru alþjóðleg samtök um bata á spilafíkn, sem hófu störf hér á landi um þetta leyti. „Ég áttaði mig á því

að ég átti við vandamál að stríða, að þetta var fíkn og að ég þurfti utanaðkomandi aðstoð til að fást við hana.“



Georg hefur ekki spilað síðan 2014 Hann hefur síðan þá unnið markvisst í að koma lífi sínu á réttan kjöl og sækir m.a. fundi hjá GA. „Ég þurfti að taka heilmikið til, bæði í sjálfum mér og í kringum mig. Eitt af því sem ég hef gert er að reyna að láta gott af mér leiða og aðstoða fólk sem á við spilafíkn eða -vanda að stríða.“

MYND: HEIÐA HELGADÓTTIR

Þurfti ekki að fara út úr húsi til að spila

Næstu áratugi tókst Georg nokkrum sinnum að vera laus við spilin, stundum í nokkur ár í senn, en féll alltaf aftur. „Þegar spilakassarnir og veðmálin komu á

netið þurfti ég ekki einu sinni að fara út úr húsi til að spila. Og eftir að snjallsímarnir komu þá var ég með þetta í vasanum allan daginn.“

Hvernig myndirðu lýsa þessu tímabili í lífi þínu? „Þetta var ömurlegt. Algjörlega ömurlegt. Lífið snerist um að spila, ég eyddi öllu mínu í þetta og miklu meira til, ég var alltaf að slá smálán hjá vinum og ættingjum og allir voru meira eða minna búnir að gefast upp á mér. Oft átti ég ekki fyrir mat, en það fékk mig ekki til að hætta. Það skipti bara akkúrat engu máli hvort ég átti fyrir mat, reikningum eða einhverju öðru. Og ef einhver heldur að mér hafi þótt svona svakalega skemmtilegt að spila, þá var það ekki þannig. Fíkn snýst ekki um að skemmta sér, hún snýst um knýjandi þörf sem verður öllu öðru yfirsterkari. Stundum er talað um að fólk sé fangi fíknar, kannski er það klisja – en það var nákvæmlega þannig sem ég var.“

„Fíkn snýst ekki um að skemmta sér, hún snýst um knýjandi þörf sem verður öllu öðru yfirsterkari“

Georg hefur ekki spilað síðan 2014 og hefur síðan þá unnið markvisst í að koma lífi sínu á réttan kjöl og sækir m.a. fundi hjá GA. „Ég þurfti að taka heilmikið til, bæði í sjálfum mér og í kringum mig. Eitt af því sem ég hef gert er að reyna að láta gott af mér leiða og aðstoða fólk sem á við spilafíkn eða -vanda að stríða.“

Kallar eftir auknum úrræðum

Hann segir að löngu sé kominn tími til að auka við meðferðarúrræði fyrir spilafíkla, en framan af var eina meðferðin hér á landi sérstaklega ætluð spilafíklum helgarnámskeið á vegum SÁÁ. Nýverið gerðu samtökin samkomulag

við Happraætti Háskóla Íslands og Íslandsspil um að auka þjónustu og bæta meðferð fyrir fólk með spilavanda, en þessir aðilar eiga og reka spilakassastaðina og er SÁÁ einn þriggja aðila að Íslandsspilum, auk Rauða kross Íslands og Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Fastagestir á spilastöðunum í áratugi

Þá býðst fólk með spilafíkn að sækja áfengismeðferð SÁÁ. „Þau helgarnámskeið sem SÁÁ býður upp á eru ágæt, en þau eru engin meðferð. Svo veit ég líka að margir spilafíklar eru hikandi við að fara í meðferð hjá aðila sem græðir á því að reka spilakassana. Þannig að ég og margir aðrir spilafíklar í bata höfum kallað ítreakað eftir öðrum úrræðum.“

„Margir spilafíklar eru hikandi við að fara í meðferð hjá aðila sem græðir á því að reka spilakassana“

Georg segist stundum ganga fram hjá spilastöðum og sér þar sama fólkid standa fyrir utan og þegar hann sótti staðina fyrir nokkrum árum. „Ég er að tala um fólk sem hefur verið fastagestir á þessum stöðum í 10–20 ár. Fólk sem er þarna meira eða minna allan daginn, alla daga. Eins feginn og ég er að vera ekki lengur í þessum sporum, þá tekur það mig svo sárt að vita af þessu.“

Bann er engin lausn

Myndi bann við spilakössum leysa vandann? „Nei, það er ekki mín skoðun. Það væri engin lausn. En það þyrfti að takmarka aðgengi að þeim á einhvern hátt og auka við forvarnir. Umræðan skiptir líka máli og eftir því sem fleiri stíga fram og

viðurkenna þennan vanda, eins og ég er að gera núna, dregur úr fordómum og það verður þá líklegra að fólk átti sig á því hvað þetta getur verið alvarlegt.“

DEILA

Like 243

Share

Tweet

 stundin.is/FCII

EFNISORÐ

Fjárhættuspil

Ísland

SÁÁ

Spilafíkn á Íslandi

Athugasemdir

1 Comment

Sort by **Oldest**



Add a comment...



Brynjar Valsson

Gott og þarft inlegg Gerorg

Like · Reply · 2 · 16w

[Facebook Comments plugin](#)

Allar athugasemdir eru ábyrgð á þeirra sem þær skrifa. Stundin áskilur sér rétt til að fjarlægja ærumeiðandi og óviðeigandi athugasemdir.